



Dagsetning: 27. október 2022
Málsnúmer: 2210197/0.11

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins og ráðningu hans

Lagt er til við bæjarráð að bæjarstjóra verði falið að semja við lögfræðing um starf persónuverndarfulltrúa sem hafi þekkingu á framkvæmd persónuverndarlaga 90/2018 sem byggja á reglugerð 2016/679 ESB.

Við innleiðingu nýrra laga um persónuvernd á árinu 2018 var gerður verksamningur við lögfræðingur sem tók að sér starf persónuverndarfulltrúa fyrir Fjarðabyggð. Vann hann að innleiðingu laganna fyrir Fjarðabyggð og aðlögun á starfsemi sveitarfélagsins að þeim kröfum sem ný lög áskildu ásamt sérfræðingi í upplýsingaöryggismálum. Var sú vinna nokkuð umfangsmikil og laut að verklagi og vinnslu með gögn, skilgreiningu áhættuþátta og fræðslu fyrir starfsmenn.

Lögfræðingurinn lauk störfum á árinu 2019 og voru störf persónuverndarfulltrúa falin þáverandi mannauðsstjóra sem sinnti þeim samhliða mannauðsmálum. Á þessum tíma hefur fengist ágæt reynsla á þau verkefni sem persónuverndarfulltrúi þarf að sinna en flóknari mál hafa verið leyst með stuðningi lögfræðinga.

Fjöldi mála sem hafa komið upp er ekki verulegur eða að meðaltali 4 á ári en hins vegar hefur stuðningur við stjórnendur og starfsmenn vegna vinnslu upplýsinga verið nokkur. Ekki hafa orðið alvarlegir öryggisbrestir en frávik frá verklagi sem skilgreindar eru í öryggisreglum hafa komið upp og verið leiðrétt en þau teljast ekki veruleg.

Að þessu sögðu er tillaga um að leitað verði samninga við lögfræðing um að sinna starfi persónuverndarfulltrúa Fjarðabyggðar og verði föst þóknun fyrir hefðbundin verkefni sem krefjast þekkingar á persónuverndarlögunum og reynsla hefur fengist af. Önnur umfangsmeiri verkefni sem sérstaklega kalla á aðkomu hans verði samið um.

Gert er ráð fyrir um 1,5 m.kr. kostnaði við persónuverndarmál sérstaklega í fjárhagsáætlun sameiginlegs kostnaðar og samningur verður látinn rúmast innan þess ramma.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

